

Leiðbeiningar

fyrir sveitarfélög um stuðningsþjónustu samkvæmt lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Samkvæmt 25. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er markmið stuðningsþjónustu að aðstoða og hæfa notendur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun. Stuðningsþjónusta skal stefna að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi.

Þá kemur fram í 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að ráðherra skuli gefa út leiðbeiningar um framkvæmd stuðningsþjónustu skv. VII. kafla, um tímafjölda og mat á þörf fyrir þjónustu. Sveitarstjórn skal setja nánari reglur um stuðningsþjónustu á grundvelli leiðbeininga ráðherra. Við setningu og framkvæmd reglna sinna ber sveitarfélögum skylda til þess að framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir.

Á grundvelli framangreinds gefur félagsmálaráðuneytið út eftirfarandi leiðbeiningar:

1. gr.

Réttur til þjónustu og inntak hennar.

Sveitarfélagi er skylt, skv. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að sjá um stuðningsþjónustu til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningsþjónusta skal veita svæðisbundið með þeim hætti sem best hentar notanda miðað við aðstæður á hverjum stað. Aðstoð skal veitt fjölskyldum barna sem metin eru í þörf fyrir stuðning. Aðstoð skal veitt innan og utan heimilis samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur. Sveitarfélagi er ekki skylt að veita stuðningsþjónustu á stofnunum, svo sem sjúkrahúsi og öldrunarstofnun þó slíkt sé heimilt, til dæmis til að rjúfa félagslega einangrun t.a.m. til að fara út af stofnun og sinna tómstundum. Samvinna skal þó alltaf höfð við viðkomandi stofnun, sbr. 62. gr. laganna.

Reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu eða stuðning vera meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þjónusta samkvæmt þeim lögum kemur til viðbótar þeirri þjónustu sem veitt er á grundvelli annarra laga en ekki í stað hennar. Þjónusta sem veitt er á grundvelli beggja laganna skal vera samþætt í þágu notanda. Að jafnaði skal einstaklingur nýta sér almenna þjónustu sem nemur allt að 15 klukkustundum á viku, sbr. 26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Tryggja skal gott aðgengi að umsóknum um stuðningsþjónustu og reglum sveitarfélaga sem um þær gilda s.s. á vefsíðu viðkomandi sveitarfélags.

2. gr.

Gagnaöflun.

Við meðferð umsóknar og ákvörðunartöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda. Í reglum sveitarfélags skal kveðið á um hvaða gagna er krafist með umsókn um stuðningsþjónustu. Öflun gagna og annarra upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Ef þörf er á skal umsækjandi fá aðstoð við öflun nauðsynlegra gagna. Læknisvottorð skal liggja fyrir þegar um heilsufarsástæður er að ræða.

3. gr.

Mat á stuðningsþörf.

Áður en aðstoð er veitt skal meta þörf fyrir stuðning í hverju einstöku tilviki. Mat á stuðningsþörf skal vera unnið í samvinnu við umsækjanda enda sé mat á þjónustu skilgreint sem upphaf að skilvirku notendasamráði. Mat á stuðningsþörf skal vera samræmt í sveitarfélaginu og skýrt með hvaða hætt stuðningsþörf er metin.

Við mat á þjónustupörf skulu að minnsta kosti eftirfarandi fjórir meginþættir skoðaðir sem hafa áhrif á athafnir daglegs lífs:

- a. Þörf umsækjanda fyrir stuðning.
- b. Félagslegar aðstæður umsækjanda.
- c. Færni og styrkleikar umsækjanda.
- d. Samfélagsþátttaka, valdefling og virkni umsækjanda.

Sé stuðningsþörf vegna fötlunar metin meiri en svo að henni verði mætt að fullu með þjónustu eða aðstoð skv. VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga skal stuðningur samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir koma til viðbótar og þjónustan samþætt í þágu notanda.

Unnið skal að því að notandi fái heildstæða og samþætta þjónustu eða aðstoð.

4. gr.

Tímafjöldi.

Ákvörðun um stuðningsþjónustu felur í sér að stuðningur sé veittur í samræmi við þörf og að jafnaði í tiltekinn fjölda klukkustunda í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörf, sbr. 3. gr. Almenn viðmið er að aðstoð geti numið allt að 15 stundum á viku. Um aukna þjónustupörf fyrir fatlað fólk fer samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

5. gr.

Samkomulag um þjónustu.

Áður en þjónusta hefst skal gert samkomulag milli aðila þar sem fram kemur tilgangur með stuðningi, hvernig settum markmiðum með þjónustunni skuli náð, hvernig aðstoðin skuli veitt og tímamörk samnings.

6. gr.

Notendasamningar.

Einstaklingar og barnafjölskyldur sem metnar hafa verið í þörf fyrir stuðningsþjónustu geta sótt um að gera notendasamning þar sem fjallað er um framkvæmd þjónustunnar. Sveitarfélög skulu setja sér nánari reglur um notendasamninga.

Samkvæmt 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er markmið notendasamninga að auka val einstaklinga og barnafjölskyldna um þjónustuform og fyrirkomulag stuðnings. Notendasamningur felur í sér að notandi stjórnar því hver veitir aðstoðina, hvenær hún er veitt og hvernig, þannig að best henti hverjum og einum. Notendasamningar geta verið í formi beingreiðslusamnings, þar sem notandi sér alfarið um starfsmannahald sjálfur, eða þannig að notandi stýrir sjálfur þjónustu við sig þó að þeir sem aðstoða hann séu starfsmenn sveitarfélags.

Reglur sveitarfélaga skulu fjalla um fyrirkomulag þjónustunnar og samninga þar að lútandi við umsækjanda.

7. gr.

Svör við umsókn.

Ákvörðun um að veita þjónustu skal taka svo fljótt sem kostur er. Umsækjandi skal fá skriflegt svar um niðurstöðu þar sem einnig kemur fram niðurstaða mats á þjónustubörf.

Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að þjónustan verði veitt.

Ákvörðun sveitarfélags um höfnun umsóknar skal tilkynna umsækjanda skriflega og um leið skal honum kynntur réttur og veitt nauðsynleg aðstoð og leiðbeiningar til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.

8. gr.

Upplýsingamiðlun og eftirlit.

Í reglum sveitarfélags skulu vera ákvæði um gagnkvæma upplýsingamiðlun til að tryggja að framkvæmd sé í senn skilvirk og í þágu þeirra markmiða sem úrræðinu er ætlað að þjóna. Upplýsingagjöf milli aðila getur verið útfærð með þríhliða samkomulagi sveitarfélags, stuðningsaðila og notanda þjónustunnar.

Starfsmenn sveitarfélaga og verktakar sem á grundvelli þjónustusamnings við sveitarfélag veita stuðningsþjónustu er bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í reglum sveitarfélaga skal vera ákvæði um að samningar við aðra um stuðningsþjónustu skuli kveða á um þagnarskyldu varðandi upplýsingar um notanda og fjölskylduhagi hans sem helst eftir að þjónustu lýkur eða samningur rennur sitt skeið á enda.

Sveitarfélag skal sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa innra eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum og lögum.

9. gr.

Gjaldtaka.

Samkvæmt 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er sveitarstjórn heimilt að taka gjald fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt gjaldskrá. Um er að ræða heimild til að taka gjald fyrir þjónustu sem veitt er á samkeppnisgrundvelli, svo sem heimsendan mat og þrif eins og tíðkast hefur, en ekki er gert ráð fyrir að einstaklingar þurfi að greiða fyrir þjónustu sem er þeim nauðsynleg við athafnir daglegs lífs.

10. gr.

Gildistaka.

Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um stuðningsþjónustu skv. 26. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, taka þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu,

15. júní 2020.